

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1975

25. apríl 1975.

49

Nr. 12.

L Ö G

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

2. gr.

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Ásgeir Bjarnason.
(L. S.)

Benedikt Sigurjónsson.

Matthias Bjarnason.